

**LÖG**  
**um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940**  
**(erlend mútubrot).**

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 5. mgr. 81. gr. laganna bætist: nema vegna brota er varða við 109. gr. og 1. mgr. 264. gr. a þar sem fyrningarfrestur er 10 ár.

2. gr.

Í stað orðanna „5 árum“ í 1. mgr. 109. gr. laganna kemur: 6 árum.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 264. gr. a laganna:

- a. Orðin „í atvinnurekstri“ í 1. og 2. mgr. falla brott.
- b. Á eftir orðunum „í opinberri eigu“ í 1. og 2. mgr. kemur: eða undir stjórn hins opinbera.
- c. Í stað orðanna „í bága við starfsskyldur“ í 1. mgr. kemur: sem tengist starfsskyldum.
- d. Í stað orðanna „5 árum“ í 1. mgr. kemur: 6 árum.
- e. Í stað orðanna „í bága við starfsskyldur sínar“ í 2. mgr. kemur: sem tengist starfsskyldum hans.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört á Bessastöðum, 9. júní 2022.*

**Guðni Th. Jóhannesson.**  
(L. S.)

---

*Jón Gunnarsson.*